

## Reglugerð fyrir bikarkeppni BLÍ

*Breyting á reglugerð sem stjórn BLÍ setti upp skv. ákvörðun 36. ársþings BLÍ. Stjórn samþ. reglugerðina í september 2008.*

### 1. Gr.

Undanúrslit og úrslit bikarkeppni BLÍ fara fram á einni helgi. Þátttökulið eru þau sem hafa áunnið sér þann rétt í undankeppni skv. 2. gr. BLÍ sér um framkvæmd keppinnar og ákveður leikstað. Tímasetning og staðsetning skal liggja fyrir þegar auglýst er eftir þátttökuliðum í keppnina.

### 2. Gr.

Undankeppni Bikarkeppni BLÍ eru 2 mót. BLÍ ákveður staðsetningu mótanna. Á fyrra mótinu er liðum skipt í 2 riðla (riðil a og riðil b). Efsta lið í deildakeppni BLÍ á undangengnum vetri skal vera sett í riðil a og liðið í öðru sæti deildarkeppninnar verður í riðli b. Dregið verður um í hvaða riðli önnur þátttökulið lenda. Sigurvegari í riðli a verður lið a í undanúrslitaleik 1. Sigurvegari í riðli b verður verður lið a í undanúrslitaleik 2. Sigurliðin tvö taka **ekki** þátt í seinni undankeppninni. Í undankeppni tvö taka öll lið þátt í einum riðli og vinna tvö efstu liðin sér þátttökurétt í undanúrslitum. Dregið er um hvaða mótherja þessi lið fá í undanúrslitum (þ.e. hvaða lið verður lið b í undanúrslitum í leik 1 o.s.frv.).

### 3. Gr.

Í undankeppni skal leikið upp á 2 unnar hrinur þar sem hrina skal vera upp í 25 stig og oddahrina skal vera upp í 15 þó þannig að vinna þarf með tveimur stigum. Í undanúrslitum og úrslitum skal leikið með hefðbundnu fyrirkomulagi.

### 4. Gr.

Heimilt er að selja nafn bikarkeppninnar.